

Mál 24/2018

Ár 2019, þriðjudaginn 5 mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 24/2018

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 21. nóvember 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 6. mars 2017 hafi komið í ljós að niðurstöður mjaðmamynda á rakkanum A lágu ekki fyrir við pörun við tíkina B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 29. nóvember 2018 og þeim gefinn andmælafrestur til 27. desember 2018. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 16. janúar 2019 og gefinn viðbótarfrestur til 23. janúar. Viðbótarsvarfrestur var ekki heldur virtur og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um andsvör af hálfu kærðu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 06. mars 2017 komið í ljós að niðurstöður mjaðmamynda á rakkanum A lágu ekki fyrir við pörun, en skv. reglum um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Rakkinn er af kyninu German short-haired pointing dog (VorsteH) og er í eigu kærðu.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: VorsteH

*Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. Augnvottorð: Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.*

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við pörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Það breytir ekki brotinu að hundarnir hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrirséð og teljast kærðu því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### IV. Niðurstaða

Kærðu X og Y teljast hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu eru áminnt.

F.h. siðanefndar

---

Kristín Fjóla Fannberg

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir